

Skipulagsfulltrúi
Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



Reykjavík 29. janúar 2016
UST201512-147/K.S.J.
09.08.00

Efni: Auglýsingaskilti við Hvalfjarðargöng

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 23. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um erindi Knattspyrnufélags Akraness frá 22. september 2015 til Hvalfjarðarsveitar og varðar erindið auglýsingaskilti sem komið hefur verið fyrir gegnt hringtorginu norðan Hvalfjarðarganga og verið þar um nokkurt skeið.

Auglýsingaskilti við hringtorg

Þar sem auglýsingaskiltið er staðsett meðfram vegi, utan þéttbýlis og ekki á lóð þeirrar starfsemi sem auglýst er á skiltinu, telur Umhverfisstofnun staðsetningu auglýsingaskiltisins ekki samræmast lögum og reglugerðum um auglýsingar utan þéttbýlis. Að mati Umhverfisstofnunar ber því að fjarlægja skiltið af þeim stað þar sem það er nú, og t.d. færa skiltið inn fyrir þéttbýlismörk.

Gildandi lög og reglugerð

Í 72. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur eftirfarandi fram: **Auglýsingar utan þéttbýlis.** Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram. Við hönnun slíkra auglýsinga skal þess gætt að þær falli sem best að svipmóti lands.

Í reglugerð 941/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis, er svo nánar kveðið á um þessi auglýsingaskilti. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/941-2011>.


Þar segir m.a. „Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, þ. á. m. skipulagslaga, laga um mannvirki og vegalaga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram. Skal þar miðað við umráðasvæði viðkomandi rekstraraðila. Með látlausum auglýsingum er átt við auglýsingar sem eru hóflegar að stærð og umfangi að teknu tilliti til þess sem auglýst er, eru lítt áberandi og hafa aðallega að geyma upplýsingar um umræddan rekstur, þjónustu eða vörur.“


Í reglugerðinni segir einnig: Telji stofnunin að um brot sé að ræða á 3. gr. skal hún óska eftir upplýsingum um málið hjá viðkomandi aðila og öðrum stjórnvöldum eftir því sem við á, þ. á m. byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags. Sé það niðurstaða Umhverfisstofnunar að um sé að ræða ólögmeata auglýsingu samkvæmt reglugerð þessari skal stofnunin, eftir atvikum að höfðu samráði við byggingarfulltrúa, skora á viðkomandi aðila að fjarlægja auglýsinguna innan nánar tilgreinds frests og er stofnuninni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni. Hámark dagsekta er 100.000 kr. á dag.

Niðurstaða

Umrætt skilti gegnt hringtorgi norðan Hvalfjarðarganga samræmist ekki lögum og reglugerð er í gildi eru og varða auglýsingar utan þéttbýlis. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að auglýsingaskiltið verði fært nú þegar burt af staðnum.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri